

Fundur-19. apríl 2005

Endurrit fundargerðar stjórnar Barmahlíðar 19. apríl 2005

Ár 2004 þann 19. apríl kom stjórn Barmahlíðar saman til fundar ásamt hjúkrunarforstjóra. Fundur hófst kl. 20:30

Farið yfir fundargerð síðasta fundar.

- 1) Rætt um lyfjamál á heimilinu. Valgerður upplýsti að gera þyrfti samning við lyfjafræðing um lyfjafræðipjónustu og setja skriflegar reglur um aðföng, vörslu og tiltekt lyfja. Einnig þarf að koma upp læstum lyfjaskápum.
- 2) Aukin þörf er á dagvistun að okkar mati. En matsskýrsla um þörf á dagvistun þarf að liggja fyrir frá þjónustuhópnum á svæðinu áður en hjúkrunarforstjóri getur sótt um pláss til heilbrigðisráðuneytis.

Fjölgun hjúkrunarrýma: Rætt um að halda þurfi áfram að sækja um með nýjum rökum. Sveitarstjóra, formanni stjórnar og hjúkrunarforstjóra falið að fylgja málinu eftir.

Húsnæðismál: Rætt um íbúð sem Eysteinn Gíslason hefur haft. Stjórnin telur að það fyrirkomulag sem verið hefur megi gilda áfram og er sveitarstjóra falið að ganga frá skriflegum samningi um það við hann.

- 3) Valgerður greindi frá því að Verkvest hefði boðist til að gefa þjálfunartæki til heimilisins og þáði hún boðið.
- 4) Enn og aftur áréttaði Valgerður að koma þyrfti upp baðaðstöðu fyrir starfsfólk. Stjórnin tekur undir það.
- 5) Ársreikningur Barmahlíðar lagður fram og er stjórnin mjög sátt við við niðurstöðu hans. Rætt um mannaáðningar. Fram kom hjá Valgerði að hún er búin að ráða í sumarafleysingu fyrir sig, þ.e. frá 5. júní til 13. ágúst, en inni í þessu er einnig vetrarfrí Valgerðar.

Fram kom einnig að afleysingar á umönnun og þrifum eru frágengnar. Eftir er að ráða í eldhús. Barmahlíðardagurinn sumardaginn fyrsta ræddur.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 23:55

Egill Sigurgeirsson (sign) (Egill ritaði einnig fundargerð)

Björk Bárðardóttir (sign)

Valgerður Baldursdóttir (sign)

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)